


# Áskoranir, tækifæri og saga Slysavarnaskóla sjómanna

Hilmar Snorrason, skólastjóri Slysavarnaskóla sjómanna

## „Guðrún" frá Vestmannaeyjum fórst í gær

### Fimm skipverjar fórust en fjórir komust af

### Brotsjór reið yfir bátinn út af Landeyjarsandi

### Vilja ógilda samninginn

★ TAIPEH, 23. febr. — Utanríkisráðherra þjóðernissinnastjórnarinnar á Formósu til-

## Einn bjargaðist, en fjórir menn fórust með Hellisey

„Synti, synti," var meðal þess fyrsta sem Guðlaugur Friðþórsson sagði er honum hafði á ótrúlegan hátt tekizt að komast að landi og brjótast yfir úfið hraunið til byggða



Þyrla bjargaði einum manni þegar bátur fórst við Snæfellsnes í gærkvöld

## Þriggja sjómanna af Svanborgu SH er saknað



## ÞRÁINS NK SAKNAÐ MEÐ 10 MÖNNUM



Þráinn NK 18.

## Þeir fórust með Sigurfara

### Allir voru komnir frá borði, er Sigurfari sökk





## Skipverjarnir þrír taldir af

● Togarinn Hallgrímur SI-77 fórst í aftakaveðri utan við Noreg ● Þyrla bjargaði einum skipverja úr sjónum eftir rúma þrjá tíma en hann er talinn við góða heilsu ● Leitinni hætt klukkan níu í gærkvöldi

Kjartan Kjartansson
kjartan@mbl.is

Þrír skipverjar togarans Hallgríms SI-77 eru taldir af eftir að skipið sökk um 150 sjómílur NV af Álasundi í Noregi í gær. Leit að mönnunum var hætt klukkan níu í gærkvöldi að íslenskum tíma en aftakaveður var á svæðinu, ölduhæð um 15 metrar og allt að 70 hnúta vindur. Fjórða skipverjanum, 34 ára gömlum Íslendingi, var bjargað úr sjónum með þyrlu frá norska loftherinum.

Að sögn Jans Lillebø, björgunarstjóra hjá björgunarmiðstöð Suður-Noregs, voru mennirnir sem fórust Íslendingar í kringum sextugt.

Skipið lagði af stað frá Siglufirði síðdegis á laugardag en það hafði verið selt í brotajárn til Noregs. Gæslunni barst sjálfvirkt neyðarkall frá skipinu kl. 13:14 í gær. Tvær norskar björgunarþyrlur voru sendar af stað og komu þær á vettvang um kl. 16:30.

Hálftíma síðar fannst einn skipverjanna en hann hafði komist í flotgalla. Flogið var með hann á sjúkrahús í Álasundi og kom hann þangað um kl. 20:00. Hann er talinn við góða heilsu miðað við aðstæður. Sökum þess að skipið hvarf snögglega úr ferilvöktunarkerfum var talið að það hefði sokkið hratt. Því má ætla að skipverjinn sem bjargaðist hafi verið í sjónum í rúmar þrjár klukkustundir. Björgunarmenn fundu einnig tóman björgunarbát og brak úr skipinu og þótti þá ljóst að það hefði sokkið. Það tók þyrlurnar um klukkustund að komast á slysstað og þar gátu þær leitað í 30-45 mínútur áður en þær urðu að snúa við. Einnig tóku Orion-leitarflugvél og nálægt skip þátt í leitinni.



Morgunblaðið/Sigurður Ægisson
**Sökk** Hallgrímur við bryggju á Siglufirði.




Eldhamar GK 13 strandaði í gærkvöldi:

## *Fimm sjómenn fórust við Grindavík, einn bjargaðist*




Sjáumst heilir
REYNSLAN SÝNIR AÐ EKKERT KEMUR Í VEG FYRIR SLYS Á SJÓ NEMA ÁRVEKNI, DÓMGREIND OG KUNNÁTTA SJÓMANNA SJÁLFRA.
SKIPSTJÓRNA
rgum hugarangri og kvíða
til næstu strandstö
AN SÝNIR AÐ EKKERT KEMUR Í VEG FYRIR SLYS Á SJÓ NEMA
EKNI, DÓMGREIND OG KUNNÁTTA SJÓMANNA SJÁLFRA.
ÖRYGGISMÁLANEFND SJÓMANNA
ÞEGAR
ÞÚ
LEGGU
AF STA
Í sjóferð, ert þú þá með það á hreinu hvar allur björgunarbúnað
hvort öll siglingatæki eru virk?
Það er góð regla í upphafi hverrar sjóferðar, að glöggva sig
öryggisbúnaðar skipsins.
REYNSLAN S
ÁRVEK
eru öryggismálin rædd á þínu skipi?
REYNSLAN SÝNIR AÐ EKKERT KEMUR Í VEG FYRIR SLYS Á SJÓ NEMA
ÁRVEKNI, DÓMGREIND OG KUNNÁTTA SJÓMANNA SJÁLF


Samgöngustofa
IMO
INTERNATIONAL
MARITIME
ORGANIZATION
EMSA
European Maritime Safety Agency



1986-1998




1998-

**Hilmar Snorrason:**

# Hvenær fáum við skólaskip?



Hilmar Snorrason

Þær eru orðnar allmargar greinarnar, sem birst hafa

Árna Friðriksson né Bjarna Sæmundsson í þessar dagsferðir nemenda sökum anna þessara skipa, en þau eru í loðnuleitum yfir háveturinn (jan.—feb.). Eflaust


1950-59
229
1960-69
230
1970-79
201
1980-89
128
1990-99
68
2000-09
22
2010-19
9

# Þriðja árið í röð án banaslysa á sjó

Ekkert banaslys var á íslenskum sjómönnum hér í við land í fyrra. Um var að ræða sjötta árið í sögunni sem ekkert banaslys verður á sjó við landið og þriðja árið í röð. Nýtt met er því slegið með hverju árinu og raunar hverjum deginum sem líður samfellt frá því síðasta banaslys varð árið 2016.

Raunar er þetta ekki aðeins eftirtektarvert vegna þriggja samfelldra ára sem engin banaslys verða heldur einnig hins að hin þrjú árin voru 2008, 2011 og 2014. Með öðrum orðum hafa því sex af síðustu 12 árum verið án banaslysa á sjó.

Í gögnum Rannsóknarnefndar sjóslysa má sjá til samanburðar við þessa þróun síðustu ára að á 15 ára tímabilinu 1970-1985 voru skráð 264 banaslys eða að meðaltali tæplega 18 á ári. Næstu 15 árin þar á eftir varð hins vegar verulegur viðsnúningur og urðu banaslysin þá 118. Þar af fórust 23 á árinu 1986 sem sýnir glögglega þá jákvæðu breytingu sem varð.



■ Sex af síðustu 12 árum hafa liðið án banaslyss á sjó hér við land.




CLOSED AT




BJÖR





# Forvarnir
















| | | | Skráning slysa, óhappa og næstum því slysa | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Dags | KL | Hver | Hvar | Atvik-meiðsli | Orsök | Svefn - 24 | Veður | Tilaga-úrb | Máli lokið |
| 07-feb | 700 | J.Á | Við afturtromlu | Rak öxl í tromluklant | Tromla er lág | 10 | Kaldi | Laga kant/hækka tromlu | |
| 07-feb | 1800 | Á.M.J | Flökunarvél | Datt | Brotnaði pallur | 8 | kaldi | Sjóða aftur | X |
| 08-feb | 300 | J.Á | Við hausunarkör | Datt | Grindur skreppa til | 8 | kaldi | Festa grindur | X |
| 20-feb | 2200 | A.N. | Úrsláttur | Pönnur hrukku úr tæki/Högg á menn | Sláttur á skipi | 8 | 15 m. | Bræða af tæki | X |
| 21-feb | 1400 | N.J. | Pökkun | Datt með pönnu | Kapall hangir niður | 8 | 18 m. | Kefli | |
| 25-feb | 500 | HMj | Pökkun | Datt með pönnu | Kapall hangir niður | 6 | 20 m. | Kefli | |
| 26-feb | 1000 | I.V. | Pökkun | Datt | Grind rann af stað | 7 | 20 m. | Snúa grind rétt | X |
| 26-feb | 800 | I.V. | Baader-verkstæði | Datt | Háþrýstidæla lekur olíu | 8 | 20 m. | Laga dælu | |
| | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | |








Morgunblaðið/Júlíus

Frá setningu öryggismálanámskeiðs sjómanna í húsi Slysavarnafélags Íslands í gærmorgun. Haraldur Henrysson, forseti félagsins, í ræðustól.

## Öryggisfræðsla sjómanna:

# Nemendur með allt að 40 ára reynslu

„VIÐ gerum okkur vonir um að þetta námskeið sé aðeins upphaf víðtækrar öryggisfræðslu fyrir sjómenn og geti síðar jafnvel orðið að skyldunámi," sagði Þorvaldur Axelsson, erindreki Slysavarnafélags Íslands, um öryggismálanámskeið á vegum félagsins er hófst í Reykjavík í gærmorgun. Námskeiðið stendur einnig í dag og á morgun.

Um 20 skipstjórnarmenn af átján skipum taka þátt í námskeiðinu. „Aðallega eru þetta skipstjórar af kaupskipum og togurum,

reynslu á sjó," sagði Þorvaldur. „Við þurftum að vísa frá fjölda manna en við gerum okkur vonir um að geta haldið fleiri námskeið — fyrst þessir menn telja sig geta lært eitthvað um öryggismál á sjó á námskeiðinu hlýtur líka að mega kenna þeim, sem hafa minni reynslu."

Í gær var farið yfir atriði er varða aðkomu á slysstað, blástursaðferðina, hjartahnoð, ofkælingu, stöðvun blæðinga, lost og brunasár. Í dag verður fjallað um eðli

andi eldvarnir um borð í skipum, reykköfun, hlutverk Siglingamálastofnunarinnar, móttöku þyrla, útbúnað gúmmíbáta og notkun flotbúninga. Síðdegis í dag verður þyrluæfing á ytri höfninni í Reykjavík. Á morgun verður fjallað um notkun handslökkvitækja, reykköfun og skyndihjálp.

Leiðbeinendur á námskeiðinu eru frá Siglingamálastofnun ríkisins, Landhelgisgæslunni, Landssambandi slökkviliðsmanna og



# Eins og í heimsstyrjöld?

- Víetnam-stríðið stóð yfir frá 1965-1974
- Hlutfall fallinna Bandaríkjamanna í stríðinu á móti hlutfalli íslenskra sjómanna er fórust á sjó á þessu tímabili pr. 100.000 íbúa

**28 / 77**



# Breyttum menningunni

- Öryggisfræðsla í 38 ár
  - 26 skyldunámskeið fyrir sjómenn
  - 26 námskeið fyrir aðra aðila
- Markviss áróður um öryggismál
- Betri búnaður, upplýsingar og reglur
- Ekki lengur lögmál að sjómenn látist við störf

# Stjórnvöld


Öryggisáætlun sjófarenda
2024-2038


jórnandi skipuleggur æfingu
Skipverjar kynna sér hlutverk sitt og dreifa sér um skipið
Æfing haldin eftir neyðaráætlun
Neyðarhringing gangsett
Búnaður prófaður
Áhöfn spurð út í búnað
Umræður og frágangur
Skrá skal æfingu í skipsdagbók
Brunaæfing
Eldur um bord
Slysavarnaskóli sjómanna
SONY


VIRTUAL
MARINE


SLYSAVARNASKÓLI SJÓMANNA
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins
Elja
ÆFINGAHÚS




0520




Slysavarnaskóli sjómanna




VELTIBATUR

## ÖRYGGISMÁL

# Margar fróðlegar tillögur á ráðstefnu um öryggismál sjómanna

RÁÐSTEFNA um öryggismál sjómanna var haldin á dögunum og var hún sú fjórða sem haldin er um þessi mál frá árinu 1984. Fjöldi fólks frá 24 félögum, samtökum og stofnunum sem tengjast á einhvern hátt hagsmunamálum sjómanna sótti ráðstefnuna. Ráðstefnustjóri var Helgi Laxdal en Halldór Blöndal samgönguráðherra ávarpaði ráðstefnugesti áður en hin eiginlega dagskrá hófst. Það var mál manna að mikið hefði áunnist í öryggismálum sjómanna á undanförnum misserum en alltaf mætti gera betur. Mörg fróðleg erindi voru flutt á ráðstefnunni en einna mesta athygli ráðstefnugesta vakti upplýsingakerfi um veður og sjólag sem Vita- og hafnamálastofnun kynnti á ráðstefnunni.

Öryggi smábáta var fyrst til umfjöllunar á ráðstefnunni. Friðrik Ásmundsson, skólastjóri Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum, ræddi um réttindamál skipstjórnarmanna og þótti honum víða pottur brotinn í í kennslu til skipstjórnarréttinda fyrir báta upp að 30 tonnum eða svokallaðs „pungaprófs". Hann sagði að mikið hefði þó áunnist með lagasetningu stjórnvalda um þessi mál en því miður væri ekki haft mikið eftirlit með því hvort eftir lögunum væri farið. Friðrik tók hinsvegar fram að vissulega væri eftirlitsskylda erfið en að úr því þyrfti að bæta.

### Ekki kennt hvar sem er

Friðrik telur að kennsla til pungaprófs eigi aðeins að fara fram í Stýrimannaskólunum í Reykjavík og Vestmannaeyjum og Stýrimannadeildinni á Dalvík. Ekki eigi að líðast að kennsla fari fram hjá einstaklingum úti í bæ eða þar sem aðgangur að tækjum er ekki til staðar. Friðrik lagðist gegn því

á sinni könnu, auk upplýsingamiðlunar til forvarnaraðila.

### Upplýsingakerfi um veður og sjólag

Gísli Viggósson, forstöðumaður rannsóknarnefndar Vita- og hafnamálastofnunar, kynnti á ráðstefnunni nýtt upplýsingakerfi um veður og sjólag fyrir sjófarendur. Kerfið er sett upp í samvinnu við Veðurstofu Íslands og byggir á sjálfvirkum veðurstöðvum og ölduduflum allt í kringum landið. Sjófarendum gefst nú kostur á að kynna sér símleiðis veðurlýsingar og spár, auk þess sem greint er frá ölduhæð og sjólagi við innsiglingar. Sagði Gísli að slíkar upplýsingar kæmu sér geysilega vel fyrir til dæmis sjómenn á þeim stöðum þar sem innsiglingar eru varasamar og sagði að sjómenn á Hornafirði hafi nýtt sér þessa þjónustu mikið þegar kerfið var sett þar upp til reynslu.

### Hugarfarsbreytingar þörf

Sigmar Gíslason, skipstjóri frá Vestmannaeyjum, flutti erindi á ráðstefnunni um hvernig fækka mætti slysum til sjós. Taldi hann að markviss stjórnun væri best til þess fallin en einnig þyrfti að koma til breytt hugarfar sjá sjómönnum gagnvart þeim hættum sem þeir búa við. „Svona hefur þetta alltaf verið"-hugarfarið þyrfti að víkja sjómenn mættu ekki sætta sig við hættur hafsins eins og ekkert fengi þeim breytt. Vék hann máli sínu í því sambandi meðal annars að öryggisbúnaði skipa þegar þau liggja við landfestar. Benti hann á að í fáum höfnum væri landgangur til taks þegar mörg skip leituðu þar vars vegna veðurs og hvatti hann áhafnir skipa til að setja upp öryggisnet milli skipa við slíkar aðstæður.



Morgunblaðið/Úlfar Ágústsson

TÍÐAR björgunaræfingar eru ein af undirstöðum öryggis til sjós.

# Mikið hefur áunnist í öryggismálum á sjó




TAKK FYRIR ALLT KÆRA VINKONA